

**18. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps þriðjudaginn 12. maí og hófst hann kl. 15:00.****Fundinn sátu:**

Egill Sigursson, Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir.  
Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund.

**Dagskrá:****1. Fundargerð 17. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 14. apríl yfirfarin.****2. Motus kynning.**

Kl. 15:15 mættu þau Auður Ólafsdóttir þjónustustjóri og Grétar Eggertsson ráðgjafi frá innheimtufyrirtækinu Motus og kynntu fyrirtækið.

Oddviti þakkar fulltrúum Motus fyrir góða kynningu.

Auður og Grétar víkja af fundi kl. 15:50.

**3. Vatnajökulspjóðgarður.**

Kl. 16:00 mættu starfsmenn vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs þeir Snorri Baldursson þjóðgarðsvörður, Kári Kristjánsson sem sér um eftirlit og eignaumsjón á hálendinu og Orri Páll Jóhannsson aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar. Einnig mætti Ásta Berghildur Ólafsdóttir nefndarmaður fyrir Ásahrepp í Svæðisráði vestursvæðis.

Kynnt var starfsemi þjóðgarðsins og framtíðaráform varðandi þann hluta sem tilheyrir Holtamannaafrétti.

Fram kom í máli Snorra þjóðgarðsvarðar að meginþungi starfsins fyrstu árin hafi beinst að merkingum aðkomuleiða og staða, gerð fræðsluefnis fyrir sýningar í gestastofu þjóðgarðsins í Skaftárstofu á Kirkjubæjarklaustri ásamt uppbyggingu ferðamannastaða á afrétti Skaftárhrepps, þ.e. í Lakagígum, í Eldgjá og við Langasjó. Nú sér fyrir endann á þessari fyrstu lotu uppbyggingar í Skaftárhreppi og tímabært að snúa sér af meira afli að vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Í framhaldi af kynningu Snorra voru umræður um hvernig best væri að standa að uppbyggingu þjóðgarðsins á Holtamannaafrétti.

Oddviti þakkar fyrir góða kynningu.

Snorri, Kári, Orri og Ásta víkja af fundi kl. 17:00.

**4. Ársreikningur Ásahrepps 2014, síðari umræða.**

Ársreikningur, sundurliðun ársreikningsins og skýrsla endurskoðenda fyrir árið 2014 voru tekin til seinni umræðu.

Rekstrartekjur A og B hluta eru 207,7 millj., þar af A hluti 206,9 millj.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 54,7 millj., þar af A hluti 53,7 millj.

Eigið fé sveitafélagsins í árslok skv.efnahagsreikningi nam 309,7 millj.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi ársreikning Ásahrepps fyrir árið 2014 og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.

**5. Ljósleiðari staða mála.**

Kl. 17:00 mætti Guðmundur Daníelsson verkefnastjóri og fór yfir stöðu verkefnisins.

Á grundvelli kynningar á undirbúningi á ljósleiðaraverkefninu felur hreppsnefnd verkefnisstjóra að halda áfram undirbúningi verkefnisins. Hreppsnefnd felur verkefnisstjóra að gera tillögu að vali á efni

í verkefnið ásamt umsjónaraðila með útboðsgögnum, byggt á tilboðum. Einnig felur hreppsnefnd verkefnastjóra að sækja um framkvæmdaleyfi vegna verkefnisins og afla leyfa og umsagna hagsmunaaðila á þeirri lagnaleið sem nú liggur fyrir.

Samþykkt.

Guðmundur viku af fundi kl: 17:45.

## **6. Ársreikningar samstarfsverkefna 2014, leikskóla, grunnskóla og fleiri verkefna á Laugalandi.**

Ársreikningur MML 2014, ársreikningur MML eignasjóðs 2014, ársreikningur MML leiguíbúða 2014 og ársreikningur Leikskólans á Laugalandi 2014.

Lagt fram til kynningar.

## **7. Heimasíða.**

Sveitarstjóri kynnti tilboð í nýja heimasíðu fyrir hreppinn ásamt tilboði á OneRecords mála og skjalakerfi.

## **8. Fundargerðir:**

### **a) 40. Fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.**

Lagt fram til kynningar.

### **b) 11. Fundur stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 8. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

### **c) 142. fundur Tónlistarskóla Rangæinga frá 20. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

### **d) 34. Fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþing ytra og Ásahrepps frá 22. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

### **e) Aðalfundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs, 22. apríl. sl.**

Samþykktar voru breytingar á samþykktum byggðarsamlagsins, 9.gr., 10.gr., og 12. gr. samþykkt. Hreppsnefnd staðfestir breytingar samþykkt.

### **f) 88. fundur Skipulagsnefndar haldinn 22. apríl sl. mál nr. 28 þarfnast umfjöllunar.**

**Mál nr. 28.** Lindarbær 1C 176845: fyrirspurn um byggingarleyfi: Íbúðarhús. Fyrirspurn hvort flytja megi sumarhús 41.3 ferm. Húsið verður endurgert og stækkað þannig að það uppfyllir ákv. byggingarreglugerðar sem íbúðarhús. Skipulagsnefnd mælir með að auglýst veri að nýju deiliskipulagstillaga fyrir svæðið. Afgreiðslu byggingarleyfis frestað þar til deiliskipulagið hefur tekið gildi. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar.

### **g) Fundur Samráðshóps um mótvægisgerðir á Holtamannafrétti frá 24. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

### **h) Aðalfundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs. frá 5. maí sl.**

Lagt fram til kynningar.

### **i) 42. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. frá 5. maí sl.**

Lagt fram til kynningar.

### **j) Aðalfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. frá 5. maí sl.**

Lagt fram til kynningar.

### **k) 166. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. frá 5. maí sl.**

Lagt fram til kynningar.

### **l) Vorfundur þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 30. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

### **m) 25. fundur Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu haldinn 20. apríl. sl. liður 2.A þarfnast staðfestingar.**

2.A. Reglur um félagslega heimaþjónustu og gjaldskrá.

Samþykkt.

### **n) Aðalfundur Húsakynna bs. haldinn þann 30. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

**o) 12. fundur Viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps frá 30. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

**p) 13. fundur Viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps frá 5. maí sl.**

Lagt fram til kynningar.

**q) 3. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps frá 9. maí sl.**

**1. liður þarfnast umfjöllunar.**

**1. 1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

*Samráðsnefnd lýsir yfir ánægju með opinn íbúafund og ágæta umræðu sem þar fór fram.*

*Daníel Gunnarsson ráðgjafi skýrði frá sínum sjónarmiðum um áfanga II í verkefninu. Hann er tilbúinn að vinna að verkinu sem verkefnisstjóri út júnímánuð og vinna verkið eins langt og hægt er. Áætlaður kostnaður er 1. milljón króna auk virðisaukaskatts.*

*Tillaga samráðsnefndar er að ráða Daníel Gunnarsson sem verkefnisstjóra til júníloka og til að vinna með viðræðunefndinni.*

*Samþykkt samhljóða.*

Hreppsnefnd staðfestir bókun.

**9. Erindi til hreppsnefndar.**

**a) Tillaga og /eða áskorun til allra sveitarstjórna í Rangárvallasýslu frá stjórn félags eldri borgara í Rangárvallasýslu um að beita sér fyrir því af fullum krafti að fá aftur lækni á vakt á heilsugæslurnar á Hellu og Hvolsvelli á kvöldin og um helgar.**

Sveitarstjóra falið að kanna málið í samstarfi við Rangárþing ytra og Rangárþing eystra.

**b) Fyrirspurn frá Kristjáni Páli Rafnssyni um mögulega langtíma leigu á gangnamannahúsinu við Hald.**

Sveitarstjóra falið að ræða við Kristján Pál.

**c) Ósk frá Umhverfis- og auðlindaráðherra um að Ásahreppur tilnefni fulltrúa í svæðisráð fyrir rekstarvæði 4 í Vatnajökulspjóðarði.**

Samþykkt að tilnefna Ástu Berghildi Ólafsdóttur sem aðalman og Karl Ölvisson sem varamann.

**d) Skátablaðið 2015 – Ævintýri og útivist með þínum stuðningi. Beiðni um auglýsingu eða styrktarlínu.**

Hafnað.

**e) Kraftur 1.tbl 2015. Beiðni um auglýsingu eða styrktarlínu. Kraftur var stofnaður 1. október 1999 og hefur það að leiðarljósi að beita sameinuðum kröftum sínum til að aðstoða þá sem þurfa á stuðningi að halda. Leitast er við að aðstoða þá einstaklinga sem greinast með krabbamein og aðstandendur og miðla.**

Samþykkt að styrkja um 9.000 kr.

**f) Beiðni frá Karlakór Rangæinga vegna tónleika sem voru haldnir föstudaginn 10. apríl sl. að Laugalandi. Beiðni um að gjaldtöku fyrir húsið verði stillt í svo mikið hóf sem sveitarfélögin treysta sér til.**

Samþykkt að falla frá húsaleigu fyrir okkar leiti.

**g) SASS óskar eftir fjórum ábendingum frá hverju bæjar- og sveitarfélagi á Suðurlandi til þátttöku í samráðshóp, Sóknaráætlun Suðurlands 2015 – 2019.**

Hreppsnefnd samþykkir ábendingar um eftirtalda aðila með fyrirvara um samþykki þeirra.

Pétur Einarsson hljóðmaður.

Lea Helga Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri og atvinnurekandi.

Jón Sæmundsson véla- og orkutækniþræðingur.

Sóley Ösp Karlsdóttir nemi.

- h) Ungmennafélag Íslands. Í tengslum við 5. Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi verður gefið út sérstakt Landsmótsblað þar sem fjallað verður um mótið í máli og myndum. Beiðni um auglýsingu eða kveðju.**

Hafnað.

- i) Gunnar Guðmundsson óskar eftir stuðningi við útgáfu ritverks, Veiðivötn á Landmannaafretti.**

Hafnað.

- j) Beiðni frá kirkjukór Kálfholtskirkju eftir því að gjald fyrir leigu salarins á Laugalandi verði felld niður vegna menningarviðburðar til heiðurs eldri borgurum í sveitarfélögunum okkar.**

Samþykkt að falla frá húsaleigu fyrir okkar leiti.

**Til kynningar:**

- A. 240. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands kjörtímabilið 2014-2018, 20. apríl sl.
- B. Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi, unnin af SASS í apríl sl.
- C. 164. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn fimmtudaginn 30. apríl sl.
- D. Opinn kynningar- og hugarflugsfundur fyrir Sunnlenska skóladaginn 2016 haldinn 27. apríl sl.
- E. Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands ehf, haldinn verður 20 maí nk.
- F. Umhverfismatsdagur Skipulagsstofnunar verður haldinn í sal Þjóðminjasafnsins eftir hádegi fimmtudaginn 21. maí næstkomandi.
- G. Ársreikningur Fræðslunets Suðurlands 2014 ásamt ársskýrslu.
- H. Virkt samfélag. Tillögur ÖBÍ að heildstæðu kerfi starfsgetaumast og framfærslu á grundvelli þessi.
- I. Ársskýrsla Þjónusturáðs Suðurlands.

Samþykkt að auka fundur hreppsnefndar verði mánudaginn 18. maí kl. 20.00.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt  
Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 20:50